

Nr. 9/1962. Mánudaginn 5. nóvember 1962.
**Fjármálaráðherra vegna rikissjóðs og
 ríkisstjórnarinnar**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis- og bæja
 vegna lækna Daniéls Guðnasonar, Valtýs
 Bjarnasonar, Hannesar Finnbogasonar, Árna
 Björnssonar, Friðriks Einarssonar, Jóns Ei-
 rikssonar, Gunnlaugs Snædal, Jóns Hannes-
 sonar, Stefáns Bogasonar, Björns Júlíusson-
 ar, Gunnars Guðmundssonar, Arinbjarnar
 Kolbeinssonar, Þórarins Sveinssonar, Guð-
 mundar Georgssonar, Baldurs Johnsen, Ólafs
 Bjarnasonar, Sigmundar Magnússonar, Þor-
 valds Veigars Guðmundssonar, Þorgeirs Þor-
 geirssonar, Árna Guðmundssonar, Kolbeins
 Kristóferssonar, Kristjáns Jónassonar, Theó-
 dórs Skúlasonar, Ólafs Ólafssonar, Snorra P.
 Snorrasonar og Jóns Þorsteinssonar.**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Varadómari Ragnar Jónsson í
 stað Gunnlaugs E. Briem og
 Theodór B. Líndal, dómari sam-
 kvæmt 25. gr. laga nr. 55/1962 í
 stað Ragnars Ólafssonar.

Frávisunarkröfu hrundið.

Úrskurður:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi, með stefnu, dags.
 29. f. m., af fjármálaráðherra vegna rikissjóðs og ríkis-
 stjórnarinnar gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
 vegna Daniéls Guðnasonar, Valtýs Bjarnasonar, Hannesar
 Finnbogasonar, Árna Björnssonar og Friðriks Einarssonar,
 þá starfandi lækna við Handlækningadeild Landspítalans,
 Jóns Eiríkssonar aðstoðarlæknis berklayfirlæknis, Gunn-
 laugs Snædals, Jóns Hannessonar, Stefáns Bogasonar, þá

starfandi lækna við Fæðingardeild Landspítalans, Björns Júlíussonar, þá starfandi lækni við Barnadeild Landspítalans, Gunnars Guðmundssonar, þá starfandi lækni við Kleppsspítalann, Arinbjarnar Kolbeinssonar, Guðmundar Georgssonar, Baldurs Johnsen, Ólafs Bjarnasonar, Þórarins Sveinssonar og Þorgeirs Þorgeirssonar, þá starfandi lækna við Rannsóknastofu Háskólans, Sigmundar Magnússonar og Þorvalds Veigars Guðmundssonar, þá starfandi lækna við Rannsóknardeild Landspítalans, Árna Guðmundssonar, Kolbeins Kristóferssonar og Kristjáns Jónassonar, þá starfandi lækna við Röntgendeild Landspítalans, Theódórs Skúlasonar, Ólafs Ólafssonar, Snorra P. Snorrasonar og Jóns Þorsteinssonar, þá starfandi lækna við Lyflækningadeild Landsspítalans.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að uppsagnir framangreindra lækna á stöðum sínum sem opinberir starfsmenn, ritaðar í apríl 1962, verði hver og ein og allar sameiginlega dæmdar andstæðar lögum og ógildar, og að nefndum læknum verði dæmt óheimilt að leggja störf sín niður 1. nóv. þ. á.

Stefnandi krefst ekki málskostnaðar sér til handa.

Af hálfu stefndu er þess krafizt, aðallega að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara að stefndu verði sýknaðir. Stefndu krefjast og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Frávísunarkrafa stefndu hefur verið tekin til meðferðar sérstaklega og málið flutt munnlega að því er hana varðar.

Málavextir eru þessir:

Læknar þeir, sem stefnukröfunum er beint að, voru allir starfandi á ríkisspítölunum í Reykjavík í aprílmánuði síðastliðnum sem opinberir starfsmenn og tóku laun eftir launalögum.

Samkvæmt gögnum máls þessa tók Læknafélag Reykjavíkur árið 1954 upp skipulagða baráttu fyrir bættum launakjörum fastlaunalækna. Vann félagið að þessum málum næstu ár og varð nokkuð ágengt í ýmsum atriðum. Haustið 1960 efndi stjórn Læknafélags Reykjavíkur til fundar

með fastlaunalæknum og kom þá fram ósk frá þeim um það, að félagið tæki enn upp baráttu fyrir bættum kjörum þeirra. Ritaði stjórn læknafélagsins af því efni stjórnarnefnd rikisspítalanna 31. janúar 1961, benti á leiðir til úrbóta og óskaði eftir viðræðum. Þessari málaleitan var eigi, að sögn læknafélagsstjórnarinnar, svarað og ritaði hún þá annað bréf 15. júní 1961. Ítrekaði stjórnin fyrri tilmæli um viðræður. Þegar það bar ekki heldur árangur kveðst félagið hafa í septembermánuði 1961 snúið sér til heilbrigðismálaráðherra, sem tilnefndi menn í nefnd af sinni hálfu til viðræðna við launanefnd læknafélagsins. Hófust viðræður með nefndum þessum í októbermánuði 1961. Þær báru þó eigi árangur og 13. apríl 1962 ritaði stjórn Læknafélags Reykjavíkur heilbrigðismálaráðuneytinu svofellt bréf:

„Þar sem samningaviðræður launanefndar vorrar um kjarabætur til handa fastlaunalæknum, sem staðið hafa frá því í október 1961, hafa engan árangur borið og áframhald þeirra virðist tilgangslaust, þá teljum vér þær niður fallnar og munum vér eigi hafa afskipti af þeim málum að sinni.“

Samtímis að kalla eða 12. apríl þ. á. sögðu 22 fastlaunadir læknar á rikisspítölunum og aðstoðarlæknir berkla-yfirlæknis upp stöðum sinum frá 31. júlí s.l. og daginn eftir, 13. apríl, bættust þeir í hópinn. Er BSRB í máli þessu stefnt vegna þessara 26 lækna. Færðu þeir allir fram þá ástæðu fyrir uppsögn sinni, að þeir teldu kjör sín óviðunandi. Í tilefni af uppsögnum þessum ritaði heilbrigðismálaráðuneytið stjórnarnefnd rikisspítalanna bréf 26. apríl. Setur ráðuneytið þar fram það sjónarmið, að hér sé um samstæða (kollektiva) uppsögn að ræða af hálfu læknanna og komi því til athugunar, hvort hún samrým-ist lögum nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna. Leggur ráðuneytið fyrir stjórnarnefndina að vekja athygli þeirra lækna, er hlut eiga að máli, á þessu viðhorfi. Jafnframt tekur ráðuneytið fram, að það telji óhjákvæmilegt, að stjórnarnefndin neyti nú þegar þess réttar, er hún hafi samkvæmt 15. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur

starfsmanna ríkisins, að framlengja uppsagnarfrestinn í sex mánuði, án þess að þar með sé þó nokkur afstaða tekin til lögmætis uppsagnarinnar. Samkvæmt þessu ritaði stjórnarnefndin hinn 28. apríl 1962 öllum þeim læknum við ríkisspítalana, sem höfðu sagt upp starfi sínu. Sendi hún þeim afrit af framangreindu bréfi ráðuneytisins og tilkynnti jafnframt, að uppsögnin væri framlengd þannig, að hún miðaðist við 31. október s. á. í stað 31. júlí. Kveðst nefndin með framlengingu þessari vilja auka möguleika á samkomulagi milli aðilja áður en í algert óefni sé komið. Þessum viðbrögðum stjórnarnefndarinnar er af hálfu læknanna svarað 8. maí s. á. með bréfi nafngreinds hæstaréttarlögmans. Er í bréfi þessu mótmælt þeirri skoðun ráðuneytisins, að uppsagnir læknanna séu samstæðar og því brot á lögum nr. 33/1915. Þá er einnig í bréfi þessu dregið í efa, að framlenging stjórnarnefndarinnar á uppsögnum læknanna samrýmist ákvæðum 15. gr. laga nr. 38/1954. Við þetta sat og gegndu læknaþeir, sem hlut áttu að máli, störfum sínum til 1. þ. m.

Þegar sýnt þótti að læknaþeir mundu hætta störfum og samkomulag hafði ekki þrátt fyrir tilraunir náðst um lausn á deilumáli þeirra og heilbrigðisstjórnarinnar, höfðaði ríkisstjórnin mál þetta svo sem að framan greinir með þeirri kröfugerð, er áður er getið.

Málssókn stefnanda er í höfuðatriðum á því byggð, að með því að hér hafi verið um samstæða uppsögn af hálfu læknanna að ræða, er að því hafi miðað, að fá launakjörum þeirra breytt, en uppsögn eigi af því sprottin, að einstakir læknaþeir hafi sagt upp vegna fyrirætlunar um að hverfa til annarra starfa, verði um ákvörðun launa þeirra og starfskjör að fylgja ákvæðum laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er staðfest voru 28. apríl þ. á., en birt 16. maí s.l. Með þeim hafi verið settar ákveðnar reglur um það, að launakjör starfsmanna ríkisins skyldu ákveðin með kjarasamningi, en ef það takist eigi skuli Kjaradómur skera úr, en dómur hans sé fullnaðarúrlausn í kjaradeilu. Uppsagnir læknanna, sem verið hafi ólögmætar í upphafi samkvæmt lögum nr.

33/1915 vegna þess, að um þá samstöðu hafi verið að ræða, er jafna megi til verkfalls, hafi eigi getað opnað læknum þeim, sem hlut eiga að máli, leið til þess að fara aðra leið í kjaramálum sínum en þá, sem nú sé lögtekin með lögum nr. 55/1962, og brotthvarf úr starfi nú þá einnig ólögmeitt samkvæmt ákvæðum sömu laga. En jafnvel þótt uppsagnirnar hefðu út af fyrir sig verið gildar, er þær fóru fram, væri brottför úr starfi nú, eins og samstöðu lækna væri háttað, ólögmeitt vegna ákvæða laga nr. 55/1962 og því brot á fyrirmælum þeirra.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að um samstæða (kollektiva) uppsögn hafi verið að ræða. Læknarnir hafi verið að segja upp ráðningarsamningi, en ekki kjarasamningi, og geti uppsagnir þeirra á engan hátt jafngilt verkfalli. Þá hafi þær farið fram áður en lög nr. 55/1962 tóku gildi, og geti ákvæði þeirra laga því ekki heldur á nokkurn hátt náð til hinna einstaklingslegu uppsagna lækna. Hafa stefndu af því efni krafizt þess, svo sem að framan er greint, að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi. Byggja þeir frávisunarkröfu sína á því, að samkvæmt lögum nr. 55/1962 séu fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) vegna ríkisstarfsmanna samningsaðiljar um launakjör. Þegar uppsagnir lækna fóru fram, hafi nefnt bandalag hins vegar eigi haft neitt umboð til að fara með kjaramál þeirra, enda hafi læknarnir aldrei gerzt aðiljar að kjarasamningi, og hvorki þá né nú verið aðiljar að bandalaginu eða falið því fyrirsvar mála sinna. Helgist málflutningsumboð BSRB því eigi af samningi, en hafi þá fyrst verið lögfest, er lög nr. 55/1962 tóku gildi. Þau lög geti ekki verið afturvirk og hafi BSRB þannig eigi öðlast umboð til þess að fara með mál þetta fyrir lækna. Nægi það atriði eitt til frávisunar málsins. Af þessu leiði svo, að uppsagnirnar geti eigi heldur varðað við ákvæði laga nr. 55/1962 og þaðan af síður verði sagt, að ágreiningur sé risinn út af kjarasamningi eða gildi hans, þar sem enginn kjarasamningur hafi komist á. Af þessum sökum geti Félagsdómur ekki heldur fjallað um málið, enda

verði heimild hans til þess hvorki leidd af ákvæðum laga nr. 80/1938 né öðrum fyrirætlum laga.

Stefnandi hefur mótmælt frávisunarkröfunni á þeim grundvelli, að í máli þessu skuli um það dæmt, hvort stefndu hafi með athöfnum sínum brotið í bág við ákvæði laga nr. 55/1962, en úr því eigi Félagsdómur að skera samkvæmt 25. gr. laganna, og samkvæmt 3. gr. þeirra fari Bandalag starfsmanna ríkis og bæja með fyrirvar ríkisstarfsmanna bæði um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi þeirra. Nefnd lög hafi auk þess verið sett að fengnu samkomulagi með þeim hætti, að segja megi að þau bindi opinbera starfsmenn eigi aðeins sem lög heldur einnig sem samningur. Sé mál þetta því í öllu tilliti réttilega rekið fyrir Félagsdómi og gegn réttum aðilja.

Enda þótt uppsagnir þær, sem um er deilt í máli þessu hafi farið fram í aprilmánuði s.l. og áður en lög nr. 55/1962 tóku gildi, hamlar það eigi því, að Félagsdómur fjalli um þær dómkröfur, sem gerðar eru í máli þessu.

Í 2. gr. laganna segir að fjármálaráðherra fari með fyrirvar ríkissjóðs að því er varðar kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi ríkisvalds samkvæmt lögum og í 3. gr. er svo mælt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fari með fyrirvar ríkisstarfsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir samkvæmt sömu lögum. Eru fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þannig samningsaðiljar um launakjör og aðrar ákvarðanir í því sambandi. Læknar þeir, sem sögðu upp stöðum sínum 12. og 13. apríl s.l. og sem stefnt er í máli þessu, voru allir ríkisstarfsmenn, sem 1. gr. laga nr. 55/1962 tekur til, er þau lög gengu í gildi, og varð Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þannig samningsaðili þeirra vegna um launakjör, sbr. 4. gr. sömu laga, og fyrirvarsaðili þeirra að lögum um aðrar ákvarðanir af þeirra hálfu í sambandi við launakjör þeirra. Samkvæmt þessu og ákvæðum 3. mgr. 25. gr. nefndra laga var stefnanda rétt að beina gegn nefndu bandalagi sem lögmæltum fyrirvarsaðilja hinna stefndu lækna málssókn út af því, að þeir hafi eigi í launakjaradeilu fylgt fyrirætlum laga nr. 55/1962.

Samkvæmt 25. gr. laganna dæmir Félagsdómur í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á þeim lögum og með því að hér er um þess konar ágreining að ræða, er því réttilega stefnt fyrir Félagsdóm. Verður frávisunarkrafa stefnda samkvæmt því eigi tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað þegar málið verður dæmt að efni til.

Úrskurðarorð:

Frávisunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 12. nóvember 1962.

Nr. 4/1961. **Landssamband íslenzkra verzlunarmanna**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómari samkvæmt 48. gr. laga nr. 80/1938 Benedikt Sigurjónsson í stað Einars Arnalds.

Sambandi stéttarféлага dæmdur réttur til inngöngu í Alþýðusamband Íslands. Sératkvæði.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 5. apríl f. á., af Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, gegn Alþýðusambandi Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda, Alþýðusambandi Íslands, verði dæmt skylt að veita stefnanda, Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, inngöngu í Alþýðusamband Íslands með fullum og óskertum félagsréttindum sem stéttarfélagasambandi, og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.